

FAGHÓPUR 4

Svar við umsögn Náttúrugriða um endurmat úr 3. áfanga rammaáætlunar á virkjunarkostum í neðri hluta Þjórsár.

Í umsögn Náttúrugriða er vísað til skýrslu sem Umhverfissráðuneytið bað Hagfræðistofnun HÍ að vinna haustið 2019 um efnahagslegt umhverfismat á virkjunum. Skýrslan kom út í mars 2021 og er áhugavert framlag í greiningum á virkjanakostum.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur ekki samþykkt skýrsluna sem grundvöll aðferðafræði, hvorki í áfanga 4 né 5. Helsta ástæða þess er að skýrslan byggir á skoðanakönnun sem Maskína gerði um Urriðafossvirkjun og svonefndan greiðsluvilja almennings. Fyrir 5. áfanga rammaáætlunar liggja tugir virkjanakosta. Það var metið sem umtalsvert umfram kostnaðarramma að gera slíkar skoðanakannanir fyrir hvern einstakan virkjanakost og ekki liggur fyrir almenn aðferðafræði við efnahagslegt mat á umhverfisáhrifum sem nýta má við mat á öllum virkjanakostum.

Einnig má færa rök fyrir því að ef faghópur 4 ætti að taka tillit til efnahagslegs virðis umhverfisáhrifa virkjana þá mætti leggja faghóp 1 niður (og jafnvel einnig faghóp 2), eða taka upp aðferðafræði sem er alfarið ólík þeirri sem notuð hefur verið til þessa. Ákveðið var að fara ekki þá leið og viðhalda þess í stað sömu aðferðafræði eins og gert hefur verið frá upphafi rammaáætlunar, að faghópur 1 leggi mat á umhverfisáhrif sem ekki byggir á efnahagslegu virði þeirra.

Á blaðsíðu 42 í skýrslu Hagfræðistofnunar er birt tafla 7. Þar kemur fram að vikið vikmörk greiðsluvilja (munur á efri og neðri vikmörkum) eru u.þ.b. 55-80 milljarðar króna, eftir því við hvaða afvöxtun er miðað. Við 6% ávöxtunarkröfu eru neðri vikmörk 15 milljarðar króna á verðlagi 2020 og efri vikmörk 70 milljarðar. Í umsögn Náttúrugriða kemur fram að miða skuli við 30 milljarða virði en ekki færð rök fyrir því af hverju skuli miða við virði umfram 15 milljarða þegar matið er háð svo mikilli óvissu. Einnig kemur ekki fram í umsögn Náttúrugriða hvernig bera skuli saman Urriðafossvirkjun við aðra virkjunarkosti ef efnahagslegt virði umhverfisáhrifa liggur einungis fyrir hjá einum þeirra.